

Íslenskar getraunir

Samandreginn ársreikningur 2022

Íslenskar getraunir
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Kt. 570169-4169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Tekju- og gjaldareikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur íþróttagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1972.

Tekjuafgangur varð á rekstri félagsins á árinu 2022 að fjárhæð 344,46 millj. kr. samkvæmt tekju- og gjaldareikningi, sem ráðstafað hefur verið til íþróttahreyfingarinnar og eignaraðila Íslenskra getrauna. Eigið fé félagsins í árslok 2022 nam 137,82 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun tekjuafgangs og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Eignarhald

Hagnaðarskiptaaðilar eru þrír og skiptist hagnaður þannig:

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands	70%
Ungmennafélag Íslands	20%
Íþróttanefnd ríkisins	10%

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun þess, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Íslenskra getrauna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2023

Hafsteinn Pálsson
stjórnarformaður

Stefán Konráðsson
framkvæmdastjóri

Auður I. Þorsteinsdóttir

Vanda Sigurgeirsdóttir

Lilja Sigurðardóttir

Óskar Þ. Ármannsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Íslenskra getrauna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskra getrauna í umboði Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, tekju- og gjaldareikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenskra getrauna á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskum getraunum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita og þykja viðeigandi fyrir félagið.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskra getrauna. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun okkar byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits Íslenskra getrauna.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 31. mars 2023

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Samandreginn tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Tekjuafgangur fyrir afskriftir		347.806.811	287.145.719
Afskriftir	5	12.500.956	14.744.805
Tekjuafgangur án fjármagnsliða		335.305.855	272.400.914
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		<u>9.150.017</u>	<u>(558.609)</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>344.455.872</u>	<u>271.842.305</u>
Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu			
Til íþróttahreyfingarinnar		314.455.872	241.842.305
Til eignaraðila		<u>30.000.000</u>	<u>30.000.000</u>
		<u>344.455.872</u>	<u>271.842.305</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir		Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir				
Óefnislegar eignir	5	51.946.759	37.852.110	
Fastafjármunir samtals			51.946.759	37.852.110
Veltufjármunir				
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		65.630.080	43.989.467	
Handbært fé		708.492.445	516.542.831	
Veltufjármunir samtals		<u>774.122.525</u>	<u>560.532.298</u>	
Eignir samtals			<u>826.069.284</u>	<u>598.384.408</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé		6		
Varasjóður		137.822.631	127.820.495	
Eigið fé samtals			<u>137.822.631</u>	<u>127.820.495</u>
Skammtímaskuldir				
Ógreitt til íþróttasamtaka		651.405.022	423.735.238	
Ósóttir vinningar		20.813.582	10.479.490	
Aðrar skammtímaskuldir		16.028.049	36.349.185	
Skuldir samtals		<u>688.246.653</u>	<u>470.563.913</u>	
Eigið fé og skuldir samtals			<u>826.069.284</u>	<u>598.384.408</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Tekjuafgangur ársins		344.455.872	271.842.305
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	12.500.956	14.744.805
Tillag í varasjóð.....	6	10.002.136	10.206.206
		<u>366.958.964</u>	<u>296.793.316</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		(21.640.613)	12.321.062
Skammtímaskuldir, hækkun.....		217.682.740	167.031.889
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>196.042.127</u>	<u>179.352.951</u>
		Handbært fé frá rekstri	
		<u>563.001.091</u>	<u>476.146.267</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	5	(26.595.605)	(1.395.463)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(26.595.605)</u>	<u>(1.395.463)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu:			
Til íþróttahreyfingarinnar		(314.455.872)	(241.842.305)
Til eignaraðila		<u>(30.000.000)</u>	<u>(30.000.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(344.455.872)</u>	<u>(271.842.305)</u>
Breyting á handbæru fé		191.949.614	202.908.499
Handbært fé í ársbyrjun		<u>516.542.831</u>	<u>313.634.332</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>708.492.445</u></u>	<u><u>516.542.831</u></u>

Skýringar

1. Lög og reglur

Íslenskar getraunir voru stofnaðar til að starfrækja íþróttagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1972, til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands.

Samkvæmt reglugerð sem sett hefur verið með hliðsjón af lögum nr. 59/1972, starfrækja Íslenskar getraunir fimm íþróttagetraunaleiki, getraunaleikinn 1X2 í samstarfi við AB Svenska Spel í Svíþjóð og fleiri getrauna fyrirtæki, getraunaleikinn LENGJUNA, getraunaleikinn LENGJAN BEINT auk tímabundinna aukagetraunaleikja og "hópleikja" í tengslum við kynningarstarfsemi á vegum félagsins. Í reglugerðinni er m.a. að finna ákvæði um vinningshlutfall og skiptingu vinninga.

Samkvæmt lögunum telst til kostnaðar 0,5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenskar getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Íslenskra getrauna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum.

3. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

4. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymisýfirlits.

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2022	61.912.411	61.912.411
Afskrifað áður	(24.060.301)	(24.060.301)
Bókfært verð 1.1.2022	37.852.110	37.852.110
Aflagt á árinu	(8.342.279)	(8.342.279)
Uppsöfnuð afskrift aflagðra eigna	8.342.279	8.342.279
Viðbót á árinu	26.595.605	26.595.605
Afskrifað á árinu	(12.500.956)	(12.500.956)
Bókfært verð 31.12.2022	51.946.759	51.946.759
Heildarverð 31.12.2022	80.165.737	80.165.737
Afskrifað samtals	(28.218.978)	(28.218.978)
Bókfært verð 31.12.2022	51.946.759	51.946.759
Afskriftarhlutföll	20%	

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2022	2021
Varasjóður 1.1	127.820.495	117.614.289
Tillag í varasjóð	10.002.136	10.206.206
Varasjóður 31.12	137.822.631	127.820.495